

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag hf. Þórshöfn Þórshöfn



Dags eftirlits	23.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag hf. Þórshöfn	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarvegur 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6601691219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Lárusson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	664973,026 638339,856

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu en það varðar að aðskilja þarf geymslu á saltsýru og sóða. Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Mælingar á efnainnihaldi frárennslis skulu fara fram á makrílvertíð árið 2024. 2) Uppfæra og endurskoða þarf áætlanir sem kröfur eru um skv. starfsleyfi. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnusrekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags hf. á Þórshöfn. Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Ísfélag hf. á Þórshöfn er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 31.1.2014, breytt þann 6.3.2020 og gildir til 31.1.2030.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 950 tonnum af hráefni á sólarhring, með möguleika á heimild fyrir framleiðslu úr allt að 1.100 tonnum á sólarhring.“ Ekki hefur verið óskað eftir heimild fyrir vinnslu á meiru en 950 tonnum á sólarhring.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
Í eftirliti árið 2022 voru gerðar þrjár ábendingar og var farið yfir viðbrögð rekstraraðila við þeim. Kvittun dags. 12.8.2022 vegna losunar á olúgildru var til staðar. Olúgildra hefur ekki verið losuð síðan en hún er skoðuð reglulega. Tunna sem úrgangsolíu er safnað í, stendur á lekabyttu.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árin 2022 og 2023 var skilað á tilskildum tíma.

Útstremisbókhaldi fyrir árin 2022 og 2023 var skilað á tilskildum tíma.

Frárennslismælingar voru gerðar á síldarvertíðum 2022 og 2023. Öll gildi voru innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi. Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við niðurstöður mælinganna. Undanfarin ár hafa frárennslismælingar ýmist verið gerðar á síldar eða loðnuvertíðum. Rekstraraðila er bent á að mæla efnainnihald í frárennslis á makrílvertíð árið 2024.

Niðurstöður TVN-mælinga hafa borist eftirlitsaðila fyrir þann tíma sem unnið hefur verið í verksmiðjunni. Engin vinnsla hefur verið síðan í október 2023. TVN mældist, árin 2022 og 2023, aldrei yfir 100 mg N/100 g.

Lýsislögn rekstraraðila var þrýstiprófuð þann 17.10.2019 og skal því þrýstiprófa hana fyrir 17.10. nk.

Geymar rekstraraðila voru allir botnþykktarmældir þann 16.8.2018. Mæla skal alla olíu- og lýsisgeyma á a. m.k. tíu ára fresti.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumatið og það uppfært. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu og breyta þær ekki niðurstöðu matsins.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar er til staðar.

Verksmiðjan er ekki með ISO vottun en GlobalTrust vottun er í gildi.

Áætlanir rekstraraðila sem eiga að vera í gildi skv. starfsleyfi hafa ekki verið uppfærðar eða endurskoðaðar. Ekki eru ákvæði í starfsleyfi um reglulega endurskoðun áætlana en rekstraraðila er bent á að uppfæra þær og m.a. bæta við nauðsynlegum upplýsingum s.s. netföngum og símanúmerum viðbragðsaðila.

5. Önnur mál

Í eftirlitinu var rætt um að rekstraraðili sendi eftirlitsaðila upplýsingar þegar reiknað er með langri vinnslustöðvun.

Upplýsingum um lýsisgeyma rekstraraðila hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð og húsnæði rekstraraðila. Úrbætur á ábendingum sem voru gerðar í eftirliti árið 2022 voru staðfestar. Í efnageymslu eru saltsýra og sódi geymd í sama rými án lekavarna, með tilheyrandi hættu á að hættulegar gastegundir myndst við blöndun efnanna. Í rýminu er auk þess niðurfall og því hætta á að efnin berist út í umhverfið ef óhapp verður. Aðgreina þarf geymslu sýru og sóda og hindra að efnin geti borist í niðurfall.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.24 í starfsleyfi	Við geymslu efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Mengunarhættan felst annars vegar í því að efni komist í niðurfall og hins vegar í því að hættulegar gastegundir myndist við blöndun saltsýru og sóda.

ÁBENDINGAR


Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Þar sem mælingar á efnainnihaldi frárennslis hafa undanfarin ár verið gerðar á síldar- og loðnuvertíðum er farið fram á að mælingar verði næst gerðar á makrílvertíð.
- 2) Uppfæra og endurskoða þarf þær áætlanir sem skv. starfsleyfi eru kröfur um að séu til staðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.07.2024


Freyr Ávarsson

